

Umhverfisstofnun
Áb. <u>HBB</u> <u>SAP</u>
<u>7. júlí 2018</u>
<u>08.19.01</u>
Tilv. <u>UMH1806 - 332</u>



VSÓ ráðgjöf Reykjanesi ehf.
 Guðjón Jónsson
 Borgartúni 20
 105 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
 AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
 sími: 545 8600 postur@uar.is
 umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 13. júlí 2018
 Tilv.: UMH18060085/20-1

Ráðuneytið vísar til erindis VSÓ Ráðgjafar f.h. Efnarásar ehf. frá 20. júní sl. um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir starfsemi fyrirtækisins í Gufunesi. Fram kemur að Efnarás ehf. sé með undanþágu frá starfsleyfi fyrir starfsemi sína í Klettagörðum 9. Fyrirtækið hafi gert leigusamning um afnot af húsi Efnamóttökunnar í Gufunesi sem sé sérhannað til móttöku og meðhöndlunar spilliefna og sótt hafi verið um starfsleyfi á þeim stað í nóvember 2017. Að höfðu samráði við Umhverfisstofnun hafi verið ákveðið að miða undanþágubeiðni við Klettagarða 9 þar sem stofnunin hafi ekki geta sagt til um hvænær starfsleyfi fyrir starfsemina í Gufunesi væri tilbúin. Þar sem Skipulagsstofnun þurfi að auglýsa niðurstöðu um matsskyldu og Umhverfisstofnun þurfi að auglýsa drög að starfsleyfi sé ljóst að starfsleyfi fyrir starfsemina verði í fyrsta lagi tilbúið í haust. Í húsi Efnamóttökunnar í Gufunesi séu allar mengunarvarnir til staðar þar sem móttaka spilliefna hafi verið á því svæði fram til ársins 2015.

Samkvæmt 3. ml. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er ráðherra heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar 21. júní sl. með afriti á Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

I umsögn Umhverfisstofnunar frá 11. júlí sl. kemur fram starfsleyfi rekstraraðila fyrir starfsemi að Klettagörðum í Reykjavík hafi gilt til 1. nóvember 2017. Veitt hafi verið tímabundin undanþága frá starfsleyfi hinn 11. janúar 2018. Sú undanþága hafi runnið út 1. júní 2018. Umhverfisstofnun vinni nú að nýju starfsleyfi fyrir rekstraraðila. Upphaflega hafi verið sótt um staðsetningu að Klettagörðum en síðar í ferlinu hafi staðsetningu verið breytt og miðað við að hún fari fram í Gufunesi í stað Klettagarða. Af þeim sökum hafi starfsleyfisferlið tekið lengri tíma. Tillaga að nýju starfsleyfi fyrir rekstraraðila fyrir starfsemi í Gufunesi verði að öllum líkendum auglýst opinberlega í ágúst 2018. Þá fari í gang frestur til athugasemda og þátttaka almennings, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun hafi ekki gert athugasemdir við að rekstraraðili fengi tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir starfsemi sína að Klettagörðum. Gæti sömu sjónarmiða nú varðandi þá staðsetningu. Stofnunin geri ekki athugasemdir við áframhaldandi undanþágu varðandi þá staðsetningu meðan unnið sé að nýju starfsleyfi. En ef um nýja staðsetningu sé að ræða telji stofnunin mikilvægt að fram fari hefðbundið ferli m.a. með þáttöku almennings í starfsleyfisferlinu. Það sé því óeskilegt að mati stofnunarinnar að starfsemi hefjist á nýrrí staðsetningu í Gufunesi með undanþágu frá starfsleyfi.

Ráðuneytið er sammála Umhverfisstofnun að mikilvægi þess að ný tegund af starfsemi hefjist ekki á stað sem slík starfsemi hefur ekki verið áður án ítarlegrar kynningar. Ráðuneytið lítur þannig á

að sambærileg starfsemi hafi verið á svæði Efnamóttökunnar í Gufunesi þannig að áður hafi verið fjallað um móttöku og meðhöndlun spilliefna á því svæði. Mikilvægt er að móttaka og meðhöndlun spilliefna fari fram við bestar mögulegar aðstæður. Ráðuneytið leitaði eftir frekari upplýsingum frá Efnarás ehf. um muninn á aðstöðunni í Gufunesi og Klettagörðum og fékk upplýsingar með tölvupósti 13. júlí 2018. Í þeim upplýsingum kemur fram að munur á að meðhöndla spilliefni í Gufunesi og Klettagörðum sé margþættur og til bóta. Sérstaklega eru tilgreind þrjú atriði sem Efnarás ehf. telji viðamikil. Í fyrsta lagi séu mengunarvarnir stærri, betri og auðveldara að stýra þeim í Gufunesi en í Klettagörðum. Í Gufunesinu séu stærðar þrær og sjálfstæð stýringu á þeim. Það geri það að verkum að það er auðveldara að ráða við mengunaróhöpp í Gufunesinu en í Klettagörðum í öðru lagi sé mun rýmra um starfsemina í Gufunesinu sem stuðli að því að minni líkur séu á óhöppum við meðhöndlun spilliefna. Aðstaðan hafi verið notuð undir spilliefnamóttöku allt fram til ársins 2015 þannig að búnaður sé í góðu lagi. Í þriðja lagi sé starfsemin á lokuðu svæði sem einungsi starfsmenn Efnarásar ehf. og þeir sem afhendi efni sem er á afmörkuðu svæði innan mun betri girðingar en í Klettagörðum.

Að fenginni framangreindri umsögn Umhverfisstofnunar, ítarlegri upplýsingum frá Efnarás ehf., í ljósi þess að unnið er að starfsleyfi, sambærileg starfsemi hafi verið á svæðinu, fullnægjandi mengunarvarnir eru til staðar þar og í samræmi við 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og 2. ml. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, fellst ráðuneytið á að veita Efnarásar ehf. tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir starfsemi fyrirtækisins í Gufunesi.


Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Efnarás ehf. skal eftir því sem við á fylgja ákvæðum starfsleyfis fyrir Spilliefnamóttöku Efnarásar ehf. Klettagörðum, 104 Reykjavík sem upphaflega var gefið út 16. nóvember 2015 og fært yfir á nýjan rekstraraðila 8. júlí 2015 og gilti til 1. nóvember 2017.
2. Efnarás ehf. skal starfa í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og reglugerða sem við eiga um reksturinn.
3. Framkvæmd mengunarvarnaeftirlits á gildistíma undanþágunnar skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.


Undanþágan gildir þar til starfsleyfi fyrir starfsemi fyrirtækisins í Gufunesi hefur verið gefið út en eigi lengur en til 1. febrúar 2019.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Kjartan Ingvarsson

Afrít:

Umhverfisstofnun

Heilbrigðisnenfd_Reykjavíkur

Efnarás ehf.